

L Ö G

um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Síðasta málsgrein 9. gr. orðist þannig:

Ráðherra setur reglur um framkvæmd eftirlits þessa og nauðsynlegar ráðstaf-
anir til þess að stöðva sölu á mjólk, sem vegna sjúkdóma eða óþrifnaðar gæli talist
varasöm fyrir heilbrigði neytenda. Ákvörðun héraðsdýralæknis um sölustöðvun er
heimilt að áfrýja þegar í stað til yfirdýralæknis, sem fellir fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 21. des. 1971, um breyting á lögum nr. 30
28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Síðari efnismálsg. 1. gr. laganna orðist þannig:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í
senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerði, að löggilding geti farið fram
á þeim, ef yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og
meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita
nema til ársloka 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.